

ir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marzmánaðar.

Nr. 43/1898:

Guðmundur Þorbjarnarson
fyrir hönd eigenda Hvals í Mýrdal
gegn

Vigfúsi Þórarinssyni, Sverri Magnússyni, Þorleifi Jónssyni og Einari Guðmundssyni, ábúendum
Ytri-Sólheima.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Guðmundur Þorbjarnarson, ábúandi á jörðinni Hvoli í Mýrdal, höfðaði fyrir hönd eigenda téðrar jarðar og eftir umbodi frá þeim mál þetta fyrir aukarétti Skaftafellssýslu gegn hinum stefndu ábúendum og umráðendum jarðarinnar Ytri-Sólheima, út af rétti Hvalseigenda til lambauppreksturs á svo kallaða »Hvítmögu«, af rétt í landi Ytri-Sólheima, gegn ítaki, sem þessari jörð sé talið í Hvolismýri. Málið kom svo í landamerkjadóm Skaftafellssýslu, og var dæmt þar 13. júní f. á. þannig, að sökinni var vísað frá dómi, og sækjendurnir, eigendur Hvals, skyldaðir til in solidum að greiða hinum stefndu, Vigfúsi Þórarinssyni, Sverri Magnússyni, Þorleifi Jónssyni og

Einari Guðmundssyni 30 kr. í kost og tæring, svo og til að greiða borgun til dómsmanna, 51 kr. Þessum dómi hefir Guðmundur Þorbjarnarson fyrir hönd eigenda Hvals skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. sept. f. á., og hefir hann krafist þess, að landmerkjadómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til meðferðar að efninu til frá því stigi, er því var vísað frá undirréttinum, og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða allan kostnað málsins að skaðlausu. Hinir stefndu, sem hafa fengið gjafvörn bæði í héraði og fyrir yfirdómi og skipaðan málfutningsmann við yfirdóminn, hafa af sinni hálfu krafist þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur í allan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, svo og til að greiða hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda.

Ástæður landmerkjadómsins fyrir frávisun málsins eru þær, að sækjandi hafi vanrækt að stefna öllum þeim í málinu, sem eftir eðli þess séu réttir varnaraðilar, þar sem hvorki hefir verið stefnt á búandanum á Sólheimahjáleigu né manni þeim, sem talinn hefir verið eigandi býlis þessa og hefir haft eiginleg eignarumráð yfir því síðastliðin ár, en um það virdast málsaðilar samdóma, að málið áhræri réttindi Sólheimahjáleigunnar. Staðhæfingu merkjadómsins um þetta málsatvik hefir eigi verið hnekt af áfrýjanda, og verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi eigi fullnægt fyr-

irmælunum í 7. gr. sbr. 13. gr. landamerkjálaga 17. marz 1882, þá er hann höfðaði mál þetta. Það verður því að fallast á það, að merkjadómurinn frávisaði málinu, og með því að hin önnur ákvæði téðs dóms samþykkjast, skal hann staðfestur í öllum greinum. Áfrýjandi verður eftir þessum úrslitum að greiða hæfileg málfstærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns hinna stefndu fyrir yfirdómi, og ákveðast þau 20 kr. Að öðru leyti þykir málskostnaður fyrir yfirdómi geta fallið niður.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og að málsvörnin við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður vera. Áfrýjandi Guðmundur Þorbjarnarson fyrir hönd eigenda Hvals greiði málfæslulaun til málflutningsmanns hinna stefndu við yfirdóminn Einars Benediktssonar, 20 krónur, en að öðru leyti skal málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.